

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2025

Efni: Erindi Blaðamannafélags Íslands í tilefni af beiðni einstaklings um athugun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á atvikum sem varða umfjöllun fjölmiðla um málefni Samherja hf.

Samkvæmt því sem fram hefur komið opinberlega í fjölmiðlum undanfarna daga hefur stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis borist erindi frá einstaklingi þar sem fram kemur ósk um athugun nefndarinnar á atvikum sem varða umfjöllun fjölmiðla um málefni Samherja hf. á árinu 2021. Fyrir liggur að sú umfjöllun byggðist á og laut að samskiptum starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis sem fjölmiðlar höfðu aðgang að. Af því sem fram hefur komið opinberlega um efni framangreinds erindis verður ráðið að sú beiðni sem þar kemur fram lúti að því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd kanni með hvaða hætti fjölmiðlar hafi fengið aðgang að umræddum samskiptum.

Eins og kunnugt er hafa framangreind atvik áður verið andlag lögreglurannsóknar sem lauk með ákvörðun um niðurfellingu hennar og staðfestingu ríkissaksóknara á þeirri ákvörðun 23. janúar sl. Meðal þeirra sem höfðu réttarstöðu sakbornings við þá rannsókn voru þeir blaðamenn sem stóðu að fyrrgreindri fjölmiðlaumfjöllun og laut rannsókn lögreglu að því m.a. að upplýsa með hvaða hætti umræddir blaðamenn hefðu aflað þeirra upplýsinga sem lágu umfjölluninni til grundvallar.

Framangreind lögreglurannsókn hefur af hálfu Blaðamannafélags Íslands verið gagnrýnd á þeim grundvelli að í henni hafi falist óréttmætt inngrip í tjáningarfrelsi hlutaðeigandi blaðamanna. Undir þessa gagnrýni hefur verið tekið á alþjóðlegum vettvangi og hefur framganga lögreglu við umrædda rannsókn verið meðal þeirra atriða sem horft hefur verið til í störfum alþjóðlegra samtaka blaðamanna við mat á tjáningarfrelsi og starfsskilyrðum blaðamanna hér á landi. Fyrir liggur að staða Íslands í alþjóðlegum samanburði hefur farið versnandi að þessu leyti undanfarin ár. Nú er svo komið að Ísland eitt Norðurlanda er ekki meðal þeirra ríkja þar sem tjáningarfrelsi blaðamanna er talið tryggt með fullnægjandi hætti. Sker Ísland sig verulega frá öðrum Norðurlöndum að þessu leyti. Sem stendur er Íslandi raðað í 18. sæti á lista samtakanna Blaðamenn án landamæra yfir þau ríki þar sem tjáningarfrelsi blaðamanna er best tryggt. Önnur Norðurlönd skipa ásamt Hollandi 1-5. sæti listans.

Eins og Blaðamannafélag Íslands hefur bent á voru framangreind viðbrögð lögreglu við umræddri fjölmiðlaumfjöllun sérstaklega umhugsunarverð í ljósi þess að efni umfjöllunarinnar laut að viðleitni stórfyrirtækis til að hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun um fyrirtækið, einkum um þátt þess í

spillingarmáli í Namibíu sem fjölmiðlar höfðu flutt fréttir af. Þau samskipti starfsmanna fyrirtækisins sem síðari fjölmiðlaumfjöllunin laut að fólu þannig í sér viðbrögð þess við hinni fyrri og höfðu það markmið að draga úr áhrifum hennar. Án þess að unnt sé að fullyrða að rannsókn lögreglu á umræddum blaðamönnum hafi stefnt að sama markmiði hafði hún þær afleiðingar í reynd að kastljósi var beint frá fyrirtækinu að blaðamönnunum sjálfum og rannsókn lögreglu á þeim. Lögreglurannsóknin hafði því þau áhrif að beina athygli almennings frá háttsemi fyrirtækisins og að háttsemi þeirra blaðamanna sem flutt höfðu fréttir af starfsemi þess.

Tilfni fyrirbyggjandi erindis Blaðamannafélags Íslands til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er það sem haft hefur verið eftir formanni nefndarinnar opinberlega þess efnis að nefndin hafi til skoðunar að hefja athugun á ofangreindu máli í samræmi við þá beiðni sem fram hefur komið. Án þess að tekin sé afstaða til þess hér af hálfu Blaðamannafélags Íslands hvernig afmörkun slíkrar athugunar kunni nánar tiltekið að horfa við lögbundnu hlutverki nefndarinnar samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 13. gr. þingskapalaga nr. 55/1991 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir telur félagið rétt af þessu tilefni að óska eftir því, ákveði nefndin á annað borð að hefja athugun á málinu, að þau atvik sem hér hafa verið gerð að umtalsefni verði ekki undanskilin við þá athugun. Í því sambandi eru ekki aðeins höfð í huga atvik sem varpað geta ljósi á hvort réttmætt tilefni hafi staðið til lögreglurannsóknarinnar í öndverðu og hvort henni hafi verið fram haldið með eðlilegum hætti heldur einnig þau atvik sem varpað geta ljósi á hvort og þá hvaða málefnalegu sjónarmið hafi legið til grundvallar þeirri fordæmalausú ákvörðun lögreglu að birta yfirlýsingu um afstöðu sína til sakarefnisins á samfélagsmiðlum samhliða lyktum rannsóknarinnar.

Eins og efni fyrirhugaðrar athugunar nefndarinnar hefur verið kynnt opinberlega fram til þessa er einnig rétt að taka fram að sömu reglur og sjónarmið gilda eftir atvikum um íhlutun af hálfu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í störf fjölmiðla og gilda almennt um slíka íhlutun af hálfu handhafa opinbers valds. Að því marki sem til greina kemur af hálfu nefndarinnar að beina athugun sinni að störfum einstakra blaðamanna þarf nefndin því að taka afstöðu til þess að hvaða marki slíkt rúmist innan ákvæða 73. gr. stjórnarskrárinnar. Án fullnægjandi undirbúnings að þessu leyti er hætt við því að athugun nefndarinnar hafi sömu afleiðingar í för með sér fyrir stöðu tjáningarfrelsis í landinu og áðurgreind rannsókn lögreglu.

Samkvæmt framansögðu er þeirri ábendingu beint til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, ákveði nefndin á annað borð að fjalla um ofangreint mál, að nefndin taki málið til heildstæðrar athugunar í samræmi við lögmælt eftirlitshlutverk sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu, þ.m.t. með tilliti til áhrifa þess á stöðu blaðamanna og tjáningarfrelsis í landinu. Af hálfu Blaðamannafélags Íslands er ítrekað í því sambandi að framgangi lögreglu í umræddu máli er meðal þess sem horft hefur verið til í störfum alþjóðlegra samtaka blaðamanna við mat á versnandi stöðu tjáningarfrelsis og starfsskilyrðum blaðamanna hér á landi. Að því marki sem athafnir handhafa framkvæmdarvalds eiga þátt í þeirri þróun, svo sem alþjóðlegir eftirlitsaðilar hafa talið, er eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjalli um það.

MAGNA

Virðingarfyllst,
f.h. Bláðamannafélags Íslands,


Flóki Asgeirsson lögmaður